

Númer: 14/2019

Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu, lögum nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris og lögum nr. 118/2016 um fasteignalán.

b.t. framkvæmdastjóra og stjórnarformanns

Reykjavík, 5. apríl 2019

Tilvísun: 2018010275

## **Efni: Viðmiðunarreglur EBA um eftirlit með vörubrúun og vörustjórnun er varða smásölu á fjármálamarkaði.**

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnunum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. ESAs reglugerðanna er fjallað um viðmiðunarreglur (e. guidelines) og almenn tilmæli eftirlitsstofnananna. Í 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og til að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Á meðal viðmiðunarreglna sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (European Banking Authority, EBA) hefur gefið út eru viðmiðunarreglur um eftirlit með vörubrúun og vörustjórnun er varða smásölu á fjármálamarkaði.<sup>1</sup>

Markmið viðmiðunarreglna EBA um eftirlit með vörubrúun og vörustjórnun er varða smásölu á fjármálamarkaði er að afurðir séu framleiddar með viðskiptavininn í huga en ekki söluaðilann. Viðmiðunarreglurnar fjalla annars vegar um framleiðendur (e. manufacturers) og hins vegar um dreifingaraðila (distributors). Varðandi framleiðendur er m.a. farið fram á að þeir komi á ákveðnum ferlum varðandi framleiðslu afurða, að þeir meti hagsmunaárekstra, skilgreini markhóp afurðarinnar, framkvæmi sviðsmyndagreiningu og tryggi upplýsingagjöf til dreifingaraðila. Varðandi dreifingaraðila er m.a. farið fram á að komið sé á fót ákveðnum ferlum varðandi dreifingu afurða, að þeir hafi þekkingu á markhópnum og að veittar séu upplýsingar um vöruna til framleiðanda.

Viðmiðunarreglur EBA byggja á og útfæra ákvæði í EES-tilskipunum sem innleiddar hafa verið hér á landi með setningu laga, sbr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 15. gr. laga nr.

---

<sup>1</sup> Viðmiðunarreglur um eftirlit með vörubrúun og vörustjórnun er varðar smásölu á fjármálamarkaði (Guidelines on product oversight and governance arrangements for retail banking products) <https://eba.europa.eu/documents/10180/1141044/EBA-GL-2015-18+Guidelines+on+product+oversight+and+governance.pdf/a114bf1f-14c7-40d4-9018-97c14b2a0052>

120/2011 um greiðsluþjónustu, 20. gr. laga nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris og 5. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

Fjármálaeftirlitið beinir því til viðtakenda þessa dreifibréfs að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur sem finna má á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Virðingarfyllst,  
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Páll Friðriksson

  
Alma Jónsdóttir